

LÖG

KKA Akstursíþróttafélags.

A. Nafn, heimili og tilgangur.

1. Félagið heitir KKA Akstursíþróttafélag. Skammstafað KKA
2. Aðsetur þess og varnarþing er á Akureyri
3. Félagið var stofnað 12.10.1995
4. Tilgangur félagsins er að vinna að útbreiðslu og eflingu vélsleða- og vélhjólaíþróttar, stjórnun fjarstýrðra farartækja og fjallareiðhjólasporti og skapa meðlimum þess aðstöðu til að stunda íþrótt sína á ákveðnum lokuðum svæðum og annars staðar eftir því sem yfirvöld og lög leyfa.
5. Markmið félagsins er að ná til sem flestra iðkendra íþróttar sem taldar eru upp í tl. nr. 4 og gefa þeim gott fordæmi um umgengni og verndun landsins.
6. Hver sem er getur gerst fullgildur meðlimur félagsins.
7. Þeir, sem óska eftir inngöngu í félagið en eru ekki sjálfráða, verða að hafa til þess samþykki foreldra sinna eða forráðamanna.

B. Stjórn

1. Málefnum félags stjórnar:

- A. Aðalfundur
- B. Stjórn
- C. Nefndir félagsins

2. Reikningsár er **almanaksárið** og er starfsár það sama.

C. Aðalfundur

1. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins, en þó með þeim takmörkunum sem um er getið í lögum þess.
2. Aðalfundur sitja allir sem greitt hafa félagsgjöld árið áður og hafa þeir einir atkvæðarétt á fundinum. Hver félagi hefur aðeins 1 atkvæði. Einnig mega sitja aðalfundur velunnarar klúbbsins en hafa þeir hvorki málfrelsi né atkvæðarétt.
3. Aðalfundur skal haldinn árlega í janúarmánuði og skal boðaður með a.m.k. 2ja vikna fyrirvara. Fundi skal boðaður með auglýsingu á áberandi stað. Það dugur að boðaður til fundarins á vefmiðlum sem vinsælir eru á hverjum tíma. Að jafnaði skal dagskrá fundarins koma þar fram líka.
4. Málefni sem félagar óska að tekin verði fyrir á fundinum, skulu tilkynnt stjórn félags minnst 1 viku fyrir aðalfund.

5. Aðalfundur kýs fundarstjóra. Ákvarðanir fundarstjóra skulu bornar undir atkvæði, ef 1/3 hluti atkvæðabærra fundarmanna krefst þess.
6. Einfaldur meirihluti ræður við atkvæðagreiðslur á aðalfundi, nema ef lög félagsins kveða á um annað. Fundarstjóri ákveður hvernig atkvæðagreiðslum skuli háttað, atkvæðagreiðslur og kosningar skulu þó vera skriflegar, ef 1/3 hluti félagsmanna óska þess.
7. Ákvarðanir aðalfundar skulu færðar í gerðarbók, þar sem ágríp af umræðum eru skráð svo ítarlega, sem fundarstjóri ákveður.
8. Fundarstjóri undirritar gerðarbók.
9. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursmeðlim að tillögu stjórnarinnar en við slíka samþykkt þarf samskonar meirihluta og krafist er til að breyta lögum félagsins.
10. Ekki er leyfilegt að ræða uppástungur um heiðursfélaga á aðalfundi.

C. Aukaaðalfundur.

1. Aukaaðalfundur. Stjórnin getur boðað til aukaaðalfundar hvenær sem er og slíkan fund ber að boða þegar a.m.k. helmingur fullgildra félagsmanna sendir stjórninni skrifleg tilmæli þar að lútandi.
2. Þegar slík tilmæli berast, á að halda aðalfund eigi síðar en mánuði eftir að þau hafa borist stjórninni í hendur, ásamt upplýsingum um efni það, sem óskað er eftir að rætt verði.
3. Fundurinn skal boðaður með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Fundi skal boða með auglýsingu á áberandi stað, nægir á vefmiðli. Í auglýsingu skal dagskrá fundar koma fram.
4. Rétt til setu á aukaaðalfundi hafa sömu aðilar og höfðu rétt til setu á aðalfundi.
5. Á aukafundi má ekki gera lagabreytingar og aðeins kjósa bráðabirgðastjórn.

C. Dagskrá aðalfundar

1. Setning
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar og nefnda lagðar fram til umræðu og samþykktar.
4. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs lagðir fram til umræðu og samþykktar.
5. Kosning formanna nefnda.
6. Lagabreytingar
7. Umræður um tillögur, sem fram hafa komið.
8. Kosning formanns.
9. Kosning stjórnarmanna í stað þeirra sem eru að víkja í hvert sinn.
10. Kosning tveggja endurskoðenda.
11. Umræða um komandi starfsár, ræða fyrirbyggjandi verkefni og tillögur að verkefnum o.þ.h.

12. Önnur mál.
13. Fundargerð lesin upp til samþykktar.
14. Fundarslit.

C. Önnur ákvæði um aðalfund.

1. Kosningar skulu gerðar með handauppréttingu og skal fundarstjóri annast talningu.
2. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, en þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.
3. Fundur getur með 2/3 atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram, eftir að dagskrá fundarins var auglýst.

C. Stjórn félags.

1. Stjórn skipa a.m.k. 5 menn: Formaður, ritari, gjaldkeri, nefndarstjóri og a.m.k. 1 meðstjórnandi. Hver stjórnarmaður skal a.m.k. sitja tvö ár í stjórn. Ekki er heimilt að skipta um alla stjórnina í einu, 3 stjórnarmenn skulu halda áfram í stjórn í það minnsta. Sjá síðar.
2. Heimilt er að bjóða fram heila stjórn til kjörs, og greiða atkvæði einu sinni um þá alla.

H. Úrsögn, brottvikning:

1. Þegar meðlimur hefur ekki greitt félagsgjald í eitt ár, getur stjórnin vikið honum úr félaginu með a.m.k. sjö sólahringa fyrirvara, skriflega. Bókhaldari getur ætíð ákveðið að taka viðkomandi út úr rúkkunarkerfi félagsins ef félagsmaður hefur ekki greitt í eitt ár.
2. Sá, sem vikið hefur verið úr félaginu vegna vanskila, er ekki hlutgengur til þátttöku í félaginu aftur fyrr en hann hefur greitt skuld sína við það.
3. Stjórnin hefur heimild til að víkja manni úr félaginu ef viðkomandi hefur gerst sérlega brotlegur. Ákvörðun stjórnarinnar verður að vera byggð á atkvæðagreiðslu, þar sem a.m.k. 2/3 hlutar stjórnarmanna samþykkja brottvikninguna. Viðkomandi félagsmanni skal þó heimilt áður en stjórnin tekur ákvörðunina, að bera fyrir sig varnir og hann getur gert kröfu til þess, að um brottvikninguna verði fjallað á aðalfundi.
4. Hægt er að víkja manni úr félaginu, ef tillaga þar að lútandi er borin fram af a.m.k. 15 félögum er samþykkt á aðalfundi með 2/3 hluta atkvæða.
5. Þegar ætlun er að fjalla um brottvikningu á aðalfundi á viðkomandi félagsmaður heimtingu á að fá tilkynningu um það, með a.m.k. 3ja sólarhringa fyrirvara, jafnframt því sem hann hefur heimild til að sækja fundinn til að bera vörn fyrir sig. Ákvörðunin um brottvikningu skal tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður.
6. Félagsmaður, sem vikið hefur verið úr félaginu að ákvörðun aðalfundar, er aðeins tækur í félagið aftur, ef aðalfundur gerir samþykkt þar að

lútandi, en til þess þarf sama meirihluta og krafist var við brottvikninguna.

Starfssvið stjórnar.

1. Stjórnin skal starfa eftir samþykktum aðalfundar. Stjórnin, sem er fulltrúi félagsins í öllum málum, hefur umsjá með daglegum rekstri félagsins. Ávarðanir hennar sem teknar eru með lögmætum hætti, eru bindandi fyrir félagið, svo og störf hennar í framhaldi af þeim.
2. Í stjórn eru a.m.k. 5 menn, þ.e. formaður/framkvæmdastjóri, nefndastjóri og Vefstjóri/ritari ásamt tveimur meðstjórnendum, þar af eru 3 kosnir á aðalfundi félagsins hinir tveir eru skipaðir af stjórn félagsins. Formaður og nefndarstjóri skulu kosnir til tveggja ára. En ritari/vefstjóri til eins árs í senn. Stjórnin skipar meðstjórnendur til eins árs í senn.
3. Formaður getur heimilað fjárútlát annars er það bara stjórn félagsins sem hefur vald til slíks. Formaður er í raun framkvæmdastjóri félagsins.
3. Nefndarforstjóri skal hafa yfirumsjón og eftirlit með nefndum félagsins, kalla eftir fundargerðum þeirra og verkefnum og sjá um samskipti við stjórn félagsins. Nefndarstjóri skal sjá til þess að nefndir séu virkar og sinni sínu hlutverki vel.
4. Vefstjóri og ritari sér um að færa fundargerðir og hafa yfirumsjón með heimasíðu félagsins.
5. Meðstjórnendur eru a.m.k. tveir og eru þeir öðrum til fulltingis og hjálpar í stjórnarstörfum. Stjórnin skipar sér sjálf 2 meðstjórnendur.
6. Ef atkvæði eru jöfn innan stjórnarinnar, ræður atkvæði formanns úrslitum.
7. Formaður stjórnar skal boða til félagsfunda og stjórnarfunda. Formaður skal boða til stjórnarfundar ef einhver stjórnarmaður óskar eftir slíkum fundi. Formaður skal leitast við hagkvæma tímastjórnun fyrir stjórnina þ.e. t.d. að ráða málum til lykta með samráði á tölvupósti og fundum á internetinu en sleppa í lengstu lög tímafrekum fundum ef þeirra er ekki þörf.
8. Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum félags og nefnda. Leitast skal við að félagið skuldi aldrei neitt. Lán skulu ekki tekin fyrir framkvæmdum eða tækjakaupum.
9. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn.
10. Hætti einhver stjórnarmeðlima á árinu af óviðráðanlegum orsökum, velur stjórnin mann til að taka sæti hans.
11. Ekki er æskilegt að sitjandi stjórn hætti öll í einu. Ætíð skulu a.m.k. 3 stjórnarmenn halda áfram störfum eftir aðalfund. Til að minnka líkurnar á þessu skal kjósa formann á aðalfundi 2005 til tveggja ára, þ.e. til aðalfundar 2007 og þá skal kjósa formann til tveggja ára, en

nefndarstjóra í eitt ár til aðalfundar 2006 en þá skal kjósa nefndarstjóra til tveggja ára til aðalfundar 2008 og svo alltaf þaðan í frá til tveggja ára.

C. Embættismenn.

1. Á aðlfundi skal kosinn **bókari** sem sér um að bóka reikninga félagsins og einn **endurskoðandi**. Þessir aðilar hafa eftirlit með fjárreiðum félagsins. Þeir skulu leggja fram athugasemdir við aðalfund ef þurfa þykir.

D. Deildir og nefndir:

Félagið skiptist í 2 deildir, motocross-og endurodeild og vetraríþróttadeild. Nefndir félagsins starfa fyrir þessar deildir eftir því sem við á en þær hafa ekki sjálfstæðan fjárhag.

Á aðalfundi félagsins skulu formenn nefnda kosnir. Formenn nefnda ákveða síðan hverjir sitji í nefndum með þeim og tilkynna stjórn félagsins um það.

Nefndirnar vinna úr hugmyndum og leggja þeir síðan fyrir stjórn félagsins ásamt kostnaðaráætlun. Nefndarformenn hafa heimild til að semja um framkvæmdir og þjónustu en ætíð með fyrirvara um samþykki stjórnar. Stjórnin ákveður endanlega hvað gert er. Engin nefnd getur farið út í framkvæmdir og verk án samþykkis stjórnar, sem þýðir að engin nefnd getur eytt peningum KKA eða tíma félagsmanna nema stjórnin hafi samþykkt það fyrst.

Þessar nefndir starfa á vegum félagsins:

Svæðisnefnd:

Yfirumsjón með KKA svæðinu í Glerárhólum. Tekur ákvörðun um leigu svæðis og leigugjald og innheimtir leigugjaldið. Svæðisnefndin er ein um að geta ráðstafað svæðinu utan stjórnar félagsins. Skipuleggja viðhald og aðgang allan og eftirlit. Ákveða æfingatíma og almenna opnun. Gjaldtöku (í samráði við stjórn félagsins) og rekstur svæðisins, og innheimtu brautagjalda. Áætlanir um hvað þarf á svæðið og koma með tillögur og vinna að uppbyggingu svæðisins.

Hús- og eignanefnd:

Aðalverkefni húsnefndar er að hafa yfirumsjón með félagsheimilinu og öðrum eignum KKA, vélum og tækjum og lausafé öðru. Auk þess gætir hún þess með svæðisnefnd að eignir skemmist ekki og heldur þeim við, auk félagsheimilis er þá verið að tala um allt lausafé, verkfæri, skóflur, vökvunarkerfi, hljóðkerfi, vesti, og aðrar eignir KKA og ennfremur jarðýta, traktor og herfi. Þetta hlutverk rækir nefndin í miklu samstarfi við svæðisnefndina. Hlutverk þessara nefnda skarast, og verður ekki hjá því komist, því er nauðsynlegt að mikið samstarf sé á milli nefnda svo ein nefndin haldi ekki að hin sé í verkinu og öfugt og endir verði sá að enginn sinni verkinu.

Mótanefnd:

Stinga upp á mótum leggja það fyrir stjórn til samþykktar og kostnaðaráætlun um þau með áætlun um hvernig framkvæmd á að vera. Mótanefnd þarf að hafa tilbúna mótaskrá hvers árs í október.

Öryggisnefnd:

Ákveða reglur um svæðin, braut KKA í Glerárhólum og Leirutjörn og fleira. Leiðbeinandi fyrir almennan hjólamann á svæðinu. Hafa vakandi auga fyrir því að brautin og svæðin séu örugg. Koma félagsnúmerum á hjólin og hafa eftirlit með því að þau séu á hjólunum. Upplýsa félagsmenn um lög og reglur sem gilda. Gerir tillögur til stjórnarinnar um breytingar sem þeir vilja gera og kostnaðaráætlanir.

Foreldraráð og Tengsl milli foreldra og félags. Fá kennara norður, skipuleggja námskeið. Skipuleggja unglिंगastarfið.

Fræðsluráð:

Reyna að koma á námskeiðum á svæðinu. Ráðið kemur á námskeiðum á svæðinu. Fá kennara norður, skipuleggja námskeiðsamráðið Svæðisnefndina. Ráðið sér um þjálfun á vegum félagsins ræður þjálfara og ákveður æfingátíma á KKA svæðinu.

Aganefnd:

Kvartanir og ágreiningur.

Umferðarnefnd:

Vinna að því að fá sátt um leiðir. Fá leyfi til að merkja leiðir og gera það. Gera skilti leiðbeiningar, um umferð og umgengni. Kanna leiðir ath. hvenær þær má opna og senda tilkynningar um það á heimasíðu eða annað til félagsmanna og annarra.

Ferðanefnd:

Skipuleggja ferðir á vegum félagsins.

Innheimtunefnd:

Sér um innheimtu félagsgjalda og gerir tillögur til stjórnar um afskráningu af félagatali.

Laganefnd:

Sér um að gera tillögur um lagabreytingar.

Skemmtinefnd.

Sér um að skipuleggja skemmtanir, árshátíðir o.þ.h. Ennfremur aðalfundi, og aðra fundi félagsins, þ.e. panta húsnæði, skemmtun, veitingar og þess háttar ef við á.

Vetrariþróttanefnd.

Skipuleggur vetrarstarfið. Ísakstur, snócross, snjósléðaakstur, vetrarferðir og fleira þess háttar.

E. Leggja félag niður.

1. Tillögur um að leggja félag niður má aðeins taka fyrir á lögsmætum aðalfundi.
2. Til samþykktar þarf minnst 2/3 hluta atkvæða.
3. Ákvæði um að leggja félag niður, skal koma fram í fundarboði.
4. Sé samþykkt að leggja félag niður, skal boða til aukaaðalfundar til að staðfesta niðurstöðuna.

C. Heimasíða.

KKA hefur opna heimasíðu www.kka.is þar sem félagsmenn geta komið á framfæri hugmyndum sínum. Þar skulu tilkynningar birtar um fundi og annað slíkt.

D. Gildistaka þessara laga.

1. Lög þessi eru sett á aðalfundi KKA 12.10.2001 og öðlast þegar gildi.
2. Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 hlutar félagsmanna á aðalfundi samþykki þá breytingu.

Lögum breytt í okt. 2009.

Lögum breytt í okt. 2010

Lögum breytt í jan. 2018